

Sp.

46. Tillaga til þingsályktunar

[45. mál]

um undirbúning geðveikralaga.

Flm.: Alfreð Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til þess að undirbúa frumvarp til geðveikralaga og að láta leggja slíkt frumvarp fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Tillögur sama efnis og sú, er hér liggur fyrir, voru fluttar á tveimur síðustu þingum, en náðu ekki fullnaðarafgreiðslu. Þeim fylgdi svofelld greinargerð:

Sérstök geðveikralög hafa um langt skeið verið til í flestum, ef ekki öllum menningarlöndum heims, nema á Íslandi. Í Noregi hafa slíkt lög verið í gildi allar götur síðan 1848, en skemur annars staðar á Norðurlöndum. Virðast flestar þjóðir láta sér annt um þessa löggjöf og vilja til hennar vanda. Það má marka m. a. á því, að víða hefur á seinustu árum verið lögð mikil vinna í að endurskoða hana og færa í það horf, sem hæfir síðari tíma þróun í félags- og heilbrigðismálum. Standa Norðurlöndin hér framarlega, eins og í menningarmálum yfirleitt. Þannig hefur þessi löggjöf nýlega hlotið endurskoðun frá grunni bæði í Noregi og í Svíþjóð. Í Bretlandi voru sams konar lög síðast endurskoðuð árið 1959.

Árið 1905 voru sett lög um stofnun geðveikrahælis hér á landi. Þau voru afnumin 1932, og segir svo í lögum um afnámið: „Þangað til sett verða sérstök geðveikralög, skal daggjald á hvorri deild“ o. s. frv. Af þessum orðum má ráða, að fyrir 30 árum hafi setning sérstakra geðveikralaga verið talin sjálfsögð, þótt þá hafi ekki bráður bugur verið undinn að henni. Síðan hefur þörfin á þeirri laga-setningu ekki verið í hámeði höfð, svo að mér sé kunnugt.

Þótt hér hafi ekki verið komið á neinni heildarlöggjöf um geðveikramál, hafa þó lög verið sett um nokkra þætti þeirra. Lög um fávítahæli hafa verið í gildi síðan 1936 og lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra síðan 1949. Í lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuðla eru ákvæði um styrkveitingar til geðsjúklinga, og eru fávítar þar með taldir. Auk þess er í ýmsum lögum að finna ákvæði varðandi geðveikt fólk, og má þar nefna lög um lögræði, lög um stofnun og slit hjúskapar og refsilög.

Geðveikralög eru misjafnlega víðtæk í hinum ýmsu löndum, en sameiginleg þeim öllum eru ákvæði varðandi sjúklinga, sem geðveikir eru í þröngri merkingu þess orðs. Koma þar fyrst og fremst til greina reglur og fyrirmæli um vistun þessara sjúklinga í sjúkrahúsum og hælum og brottskráningu þaðan, um skyldur venzlamanna og yfirvalda gagnvart sjúklingum, um rannsóknir á geðheilsu manna o. fl. Yfirleitt er í þessum lögum safnað saman ákvæðum, er varða skerðingu persónufrelsis sökum geðveiki.

Slík geðveikralög vantar tilfinnanlega hér, og mun sá skortur einatt valda sjúklingum tjóni og venzlafólki þeirra og læknum ýmiss konar vandræðum. Hér þarf að setja fastari reglur að fara eftir en verið hafa til þessa og hafa þá að sjálfsögðu til fyrirmyndar það, sem bezt þekkt er erlendis á þessu sviði og okkur hentar. Á síðari árum hafa nokkrum sinnum risið málaferli, sem eiga rót sína að rekja til vantandi eða ófullnægjandi lagafyrirmæla um þessi efni. Hafa þau málaferli þegar bakað ríkissjóði nokkur útgjöld auk þeirra óþæginda, sem þau valda aðilum. Má gera ráð fyrir, að slíkum málaferlum fari frekar fjölgaandi en fækkaandi, ef ekkert verður að gert. Aðalatriðið er þó hitt, að sem tryggilegast sé í lögum kveðið á um allt, er varðar réttindaskerðingu þeirra, sem geðveikir teljast.